

Ed.

149. Nefndarálit

í málinu: Frv. til laga um bann gegn útflutningi á lifandi refum.

Nefnd sú, er háttv. Ed. kaus til að athuga þetta mál, hefir ekki orðið sammála.

Meiri hluti nefndarinnar álitur:

1. Að enginn þörf sje á banni þessu, þar sem þeir, er ala vilja eða rækta refi, geta fengið þá, hvort sem útflutningar þeirra er bannaður eða ekki.
2. Að bannið tryggi alls ekki hátt verð á íslenskum refaskinum, þar sem útlendir refaræktarmenn geta fengið refi annarsstaðar en hjer á landi, af sama tagi eða engu siðri.
3. Að bannið yrði fáum mönnum til hagnaðar eu fleirum til tjóns, og að slíku eigi löggjöfin ekki að styðja að nauðsynjalausu.
4. Að bannið sje ónauðsynleg skerðing á umráðarjetti manna yfir eign sinni.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi 17. júlí 1914.

Jósef J. Björnsson
form.

Karl Finnbogason
framsögum. meiri hlutans.

Jeg er heiðruðum meðnefndarmönnum mínum ekki samdóma um framan-
greind atriði, og mun gera grein fyrir álitinu mínu við umræður málsins í deildinni.

Alþingi 18. júlí 1914.

Sigurður Stefánsson,
framsögum. minni hlutans.